**ALCAN PRIMARY METAL EUROPE**

ISAL
Alcan á Íslandi hf.

Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími: 560-7000
Fax: 560-7070
Vefur: www.alcan.is

Netfang: isal@alcan.com
Kennitala : 680466-0179

ALCAN

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1951
komudagur 19.4.2004

Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

nefndasvid@althingi.is

14. apríl 2004

**Frumvarp til laga um stofnun Landsnets hf.**

Almennt :
Alcan á Íslandi lítur svo á, að stofnun Landsnets muni engin áhrif hafa á gildandi rafmagnssamning við Landsvirkjun né á afhendingu raforkunnar með nokkrum hætti, þó að Landsnet taki að sér flutning orkunnar að stöðvarvegg aðveitustöðvar ISAL í Straumsvík.

**Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003**

Um 11. gr.:

a. Alcan á Íslandi fær nú raforku um tvöfalda 220 kV línu, sem liggur frá aðveitustöð Hamranesi að aðveitustöð ISAL í Straumsvík. Landsnet mun að líkindum taka við rekstri aðveitustöðvar í Hamranesi. Tekið skal fram að mikilvægt er að sölumæling raforkunnar til Alcan verði með óbreyttum hætti.
b. Alcan á Íslandi gerir ekki ráð fyrir neinum breytingum á rafmagnssamninginum vegna nýrrar lagasetningar, sem hér er til umfjöllunar. Ákvæðið í þessum lið frumvarpsins um, að stórnotandi geti samið við flutningsfyrirtækið um endurgjald vegna flutnings, á þess vegna ekki við Alcan.

Virðingarfyllst,
f.h. Alcan á Íslandi hf.

Rannveig Rist, forstjóri

Sigurður Þór Ásgeirsson, fjármálastjóri